



## Varmahlíðarskóli óskar eftir verkgreinakennara til að sinna málmsmíðakennslu

<b>Upphaf starfs:</b>	1. ágúst 2021.
<b>Starfsheiti:</b>	Grunnskólakennari.
<b>Starfshlutfall:</b>	35% starfshlutfall.
<b>Lýsing á starfinu:</b>	Í starfinu felst kennsla í málm- og vélsmíði á unglíngastigi (valgrein) auk samvinnu við þróun skólastarfs með stjórnendum og samstarfsfólki. Kennari stuðlar að verlferð nemenda í samstarfi við foreldra og annað fagfólk. Kennari starfar samkvæmt lögum og reglugerðum um grunnskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá, skólanámskrá og stefnu sveitarfélagsins.
<b>Menntunarkröfur:</b>	Leyfisbréf til að starfa við kennslu.
<b>Hæfniskröfur:</b>	Fagþekking af málm- og vélsmíði er skilyrði. Kennslureynsla er æskileg. Faglegur metnaður og áhugi á að starfa í skapandi og metnaðarfullu umhverfi. Lipurð og sveigjanleiki í samskiptum, frumkvæði og sjálfstæði. Lögð er áhersla á gagnkvæma virðingu, háttvísi, stundvísi og áreiðanleika í starfi. Hreint sakavottorð skv. lögum um grunnskóla.
<b>Vinnutími:</b>	Dagvinna.
<b>Launakjör:</b>	Laun og önnur starfskjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga við KÍ vegna FG.
<b>Umsóknarfrestur:</b>	<b>Er til og með 3. júní 2021.</b>
<b>Nánari upplýsingar:</b>	Hanna Dóra Björnsdóttir, skólastjóri Varmahlíðarskóla, í síma 455-6023 eða <a href="mailto:hannadora@varmahlidarskoli.is">hannadora@varmahlidarskoli.is</a> .
<b>Umsóknir:</b>	Umsókn ásamt ferilskrá, prófskírteini og leyfisbréfi skal skilað í gegnum íbúagátt sveitarfélagsins eða í gegnum heimasíðu sveitarfélagsins, <a href="http://www.skagafjordur.is">www.skagafjordur.is</a> (laus störf). Áhugasamir einstaklingar, óháð kyni, eru hvattir til að sækja um. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

*Í Varmahlíðarskóla eru um 100 nemendur í 1.-10. bekk. Flestir nemendur skólans koma úr Varmahlíð og drefibýli í framanverðum Skagafirði. Varmahlíðarskóli leggur áherslu á faglegt og fjölbreytt starf. Námskjör skólastarfsins og efling náms er meginviðfangsefni allra starfsmanna. Varmahlíðarskóli starfar sem heilsueflandi grunnskóli og leggur áherslu á velferð, hreyfingu og heilbrigða lífshætti. Skólinn starfar í anda Olweusaráætlunarinnar gegn einelti, hefur tileinkað sér aðferðir byrjendalæsis og markvissa notkun upplýsingatækni. Í verkgreinakennslu er áhersla lögð á endurnýtingu.*